

Samþykktir

1. gr. Nafn félagsins

Félagið heitir Pieta samtökin og rekur þjónustumiðstöð fyrir einstaklinga í sjálfsvígshættu, sjálfskaða og aðstandendur þeirra.

Félagið starfar samkvæmt lögum nr. 110/2021 um félög til almannaheilla.

2. gr. Tilgangur félagsins

Tilgangur félagsins er að efla þjónustu fyrir einstaklinga í sjálfsvígshættu, sjálfskaða hættu og veita þeim stuðning í Pieta þjónustumiðstöð sem felur m.a. í sér símaþjónustu allan sólarhringinn, sjö daga vikunnar sem og fría sálfræðiráðgjöf fyrir aðila í sjálfsvígs- og sjálfskaða hættu.

Tilgangur félagsins er einnig að veita aðstandendum þessa hópa aðstoð, sem og aðstandendum sem hafa misst í sjálfsvígi.

Félagið reiðir sig á frjáls framlög einstaklinga, fyrirtækja og opinberra aðila til rekstursins sem nýtt er í fræðslu og reksturs þjónustumiðstöðvar, sem og til kaupa á húsnæði fyrir slíkt til framtíðar.

Tilgangi sínum hyggst félagið ná með því að standa að opnun og rekstri Pieta þjónustumiðstöðva á höfuðborgarsvæðinu og ákveðnum svæðum um allt land ásamt fræðslustarfsemi og símaþjónustu.

3. gr. Félagsaðild

Öllum er heimilt að ganga í félagið og skal stjórn halda félagaskrá.

4. gr. Heimili og varnarþing

Heimili félagsins og varnarþing, er að Amtmannsstíg 5a, 101 Reykjavík.

5. gr. Aðalfundur

Aðalfundur skal halda fyrir 1. júní ár hvert og skal boða til hans með að minnst tveggja vikna fyrirvara með sannanlegum hætti. Til almennra félagsfunda skal boða með sama hætti og aðalfundar. Aðalfundur er löglegur, sé rétt til hans boðað. Einfaldur meirihluti mættra félagsmanna ræður úrslitum mála.

Á aðalfundi skal stjórn gera upp árangur liðins árs.

Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar lögð fram
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar
4. Breytingar á samþykktum félagsins
5. Ákvörðun félagsgjalds
6. Kosning stjórnarmanna til tveggja ára og varamanna til eins árs skv. 6. gr.
7. Kosning löggilts endurskoanda til eins árs
8. Önnur mál

Aðeins skráðir félagsmenn sem greitt hafa félagsgjald mega vera þátttakendur í aðalfundi og hafa þar atkvæðarétt.

6.gr. Stjórn

Stjórn félagsins skal skipuð 5 félagsmönnum, formanni og 4 meðstjórnendum, kjörnum á aðalfundi til tveggja ára í senn þannig að formaður og tveir meðstjórnendur eru kosnir annað hvert ár og tveir meðstjórnendur annað hvert ár. Launaðir starfsmenn samtakanna og verktakar sem starfa fyrir þau geta ekki setið í stjórn. Formaður skal kjörin sérstaklega en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Þá skal kjósa tvo varamenn á aðalfundi til eins árs. Skal kjósa sérstaklega fyrsta og annan varamann.

Stjórn félagsins fer með málefni félagsins milli aðalfunda. Formaður boðar til funda.

Firmaritun er í höndum meirihluta stjórnar. Stjórn félagsins getur ákveðið sölu, skipti og veðsetningu eigna félagsins.

Stjórnin skal setja sér starfsreglur og birta á vefsíðu félagsins.

Stjórnarstörf eru ólaunuð. Enginn getur setið í stjórn í meira en átta ár samfelld.

7.gr. Endurskoðendur/skoðunarmenn

Á aðalfundi skal kjósa endurskoðanda. Skal endurskoðandi rannsaka reikninga félagsins fyrir hvert starfsár og leggja niðurstöður sínar fyrir aðalfund.

Endurskoðendur eða skoðunarmenn má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna, félagsmanna eða starfsmanna félagsins.

8.gr. Starfsár

Reikningsár er almanaksárið.

Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreikninga og lagt fyrir endurskoðanda eða skoðunarmenn eigi síðar en einum mánuði fyrir aðalfund

9.gr. Félagsgjöld

Félagsmenn greiða félagsgjöld sem ákveðin eru á aðalfundi.

Félagsmenn bera ekki persónulega ábyrgð á skuldum eða öðrum skuldbindingum félagsins nema með félagsgjaldi sínu.

10. gr. Framkvæmdastjóri.

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur félagsins í umboði stjórnar og skal hlíta stefnu félagsins og fyrirmælum stjórnar. Daglegur rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá stjórn nema ekki sé unnt að bíða ákvarðana stjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi félagsins. Í slíkum tilvikum skal stjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina.

Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn félagsins og verktaka og er æðsti yfirmaður þeirra.

Framkvæmdastjóri situr fundi stjórnar með tillögurétt og málfrelsi.

Framkvæmdastjóri getur ekki kosið, greitt atkvæði eða verið kosinn í stjórn.

Stjórn setur nánari reglur um skyldur og störf framkvæmdastjóra.

11. gr.

Ákvörðun um slit félagsins skal taka á aðalfundi með auknum meirihluta atkvæða. Við slit félagsins renna eignir þess til málefna sem aðalfundur ákveður og samræmast tilgangi félagsins.

12.gr.

Þar sem ákvæði þessa samþykkt segja ekki til um hvernig með skuli farið skal hlíta ákvæðum laga nr. 110/2021 um félag til almannaheilla, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.


Ákvæði til bráðabirgða:

Við fyrsta stjórnarkjör eftir að aðalfundur hefur afgreitt samþykktir þessar skal kjósa formann og tvo

Lög þessi voru samþykkt á **aðalfundi 2022**

Dagsetning: **30. maí**

Undirritanir (a.m.k. meirihluti stjórnar eða prókúruhafi).

 formáður stjórnar
Guðkeey Ósk Guðskóttir
Anna Páskóttir